

GJALDSKRÁ

fyrir rannsóknasvið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu sérfræðinga og verkefnisstjóra á rannsóknasviði skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
Sérfræðingur I	4.200
Verkefnisstjóri 1	5.400
Verkefnisstjóri 2	5.900
Verkefnisstjóri 3	8.200
Verkefnisstjóri 4	9.500

2. gr.

Um gjald fyrir þjónustusvið vísast til sérstakrar gjaldskrár sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 87, 27. janúar 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Ólafsfjörð.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 13. maí 2005 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ólafsfjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Ólafsfjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 13. maí 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.